

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vígús Hallgrímsson
Þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á vigfus@hafnarfjordur.is. Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.öldutunsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefnunnar
www.hjalli.is/bsk7610

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Skólavefritið

6. ÁRGANGUR, 32. TBL.

7. MAÍ 2010

Víðistaðaskóli sigurvegari í íþróttamótinu í ár

Víðistaðaskóli er sigurvegari í íþróttamóti grunnskólanna í Hafnarfirði í ár en keppnin fór fram sl. miðvikudag. Keppnin fór fram á Ásvöllum og var keppt í fimm þróttgreinum undir stjórn íþróttakennara frá grunnskólum bæjarins. Keppnirnar fimm voru sund, fótolti, handbolti, víðavangshlaup og skotbolti og réð samantlagður stigafjöldi í öllum keppnunum, eftir ákveðnu kerfi, úrslitum. Í öðru sæti var Setbergsskóli og Hvaleyrarskóli varð í þriðja sæti.

Sú breyting var gerð á keppninni í ár, miðað við í fyrra, var að hafa kynni í keppninni. Kynnir var Stefán Helgi Stefánsson, kennari í Víðistaðaskóla og stór-söngvari. Það gerði mótið mun skemmtilegra og á Stefán þakkir skyldar fyrir sinn hlut í keppninni.

Hér til hliðar eru nokkrar myndir frá keppninni í ár og á bak-síðu.





FRÉTTIR

Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfni

- » Frá **Námshagstofnun**: Nú eru komnar á vef Námshagstofnunar kennsluleiðbeiningar með bókinni **Norðurlönd** sem er kennslubók í landafræði fyrir miðstig grunnskóla. Slóðin er: <http://www.nams.is/nordurlond/index.html>.
- » Engin verk bærust til Skólaskrifstofunnar til úrslita í margmiðlunar-samkeppni hennar svo engin verðlaun verða veitt í ár.



Samdráttur á fjármagni til símenntunar

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar hefur fengið úthlutað út endurmenntunarsjóði grunnskóla fyrir næsta skólaár og er niðurskurðurinn 50% frá því í fyrra. Styrkupp-hæð til Skólaskrifstofunnar er 1 milljón en var rétt tæpar 2 milljónir í fyrra. Mest hefur Skólaskrifstofan fengið um 3,5 milljónir í styrk frá endurmenntunarsjóðnum fyrir eitt skólaár á síðustu fimm árum. Þetta er til viðbótar samdrætti sem er á öðrum fjárveitingum til endurmenntunar kennara.

Í heildina felur þetta í sér

að Skólaskrifstofan hefur úr minna fjármagni að spila til endurmenntunar kennara næsta vetur til mæta þörfum, lögum og skyldum.

Almennt séð er alltof litlu fé úthlutað til endurmenntunar kennara í gegnum endurmenntunarsjóð grunnskóla og sl. 10 ár hefur úthlutun úr endurmenntunarsjóði grunnskóla verið á bilinu 17,8-26,5 milljón (hæst árið 2001) til allra skóla og skólaskrifstofa á landinu. Þannig er óhugsandi að sveitarfélög á Íslandi sinni þessu bráðnauðsynlega



Símenntun

verkefni sem símenntun kennara er á viðunandi hátt ef fjárveitingar til þess eru ekki í samræmi við lagaskyldur. Það er veittur of lágir styrkir og til of fárra verkefna sem sótt er um. Það er of lítið fjármagn til úthlutunar.

Hraunvallaskóli (120 þús.), Hvaleyrarskóli (400 þús.), Lækjarskóli (400 þús.) og Setbergsskóli (250 þús.) fengu einnig úthlutað úr endurmenntunarsjóðnum í ár.

VEFSLÓÐ: <http://www.samband.is/verkefni/skolamal/frettir---skolamal/nr/689>

Kennarar blogga og fræða sjálfa sig og aðra

Persónuleg starfsþróun kennara getur tekið á sig ýmsar myndir. Ein leið hennar er virk þátttaka í vefheimum með eigin bloggsgíðu þar sem óþrjótandi möguleikar eru til staðar. Vefsíða vikunar er bloggvefur ástralsks kennara, Maryna Badenhorst. Hún hefur safnað saman á vef sínum ótrúlega miklum upplýsingum um fjölmarga hluti, bæði



Vefhornið

persónulega og ýmislegt er varðar kennslu og skólastarf. Það er alveg þess virði að heimsækja vefinn hennar og skoða tengingar þaðan í ýmsan fróðleik um nám og kennslu á tímum stafrænnar tækni með hentugum flokkunum.

Annars er globalteacher-vefsvæðið áhugavert fyrir alla kennara.

Áhugavert.

VEFSLÓÐ: <http://marynabadenhorst.globalteacher.org.au/>

FRÉTTABRÉF SKÓLASKRIFSTOFU HAFNARFJARÐAR: SKÓLAÞJÓNUSTA GRUNNSKÓLA

Tilkynning vikunnar

Skil á ljóðum 6. bekkinga í verkefninu *Ljóðin í bænum*, er næsta föstudag. Ljóðin þurfa að berast til Skólaskrifstofunnar sem mun dreifa þeim um miðbæinn meðan á menningarhátíð Hafnarfjarðar, *Bjartir dagar*, stendur yfir í byrjun júní.

Næsta blað Skólavefritsins er væntanlegt föstudaginn 14. maí 2010